

# Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar

Árið 2026, þriðjudaginn 14. apríl kl. 13:20 eftir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1252 fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu byggingarfulltrúa 3. hæð Borgartúni 12-14, Gjáin.  
Fundinn sátu: Brynjar Þór Jónasson, Edda Þórsdóttir, Sigrún Reynisdóttir, Silvá Kjærnested, Dagný Geirdal og Böðvar Páll Jónsson.  
Fundarritari var Guðbjörg Sigríður Snorradóttir.

## Þetta gerðist:

### 1. Almennadalur 27 - USK25100036

Sótt er um leyfi til að byggja svalir á báða gafla og breyta innra skipulagi í austurhluta hesthúss, mhl. 02, á lóð nr. 27 við Almennadal.

Erindi fylgir starfsábyrgðartrygging og yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda.

### 2. Ármúli 38 - USK26020139

Sótt er um leyfi til að innrétta tvær íbúðir í rými 0202 í mhl. 03 á lóð nr. 38 við Ármúla.

Erindi fylgir yfirlit breytinga og samþykki meðeigenda áritað á uppdrátt dags. 30. janúar 2026.

Frestað. Vísað til athugasemda.

### 3. Bankastræti 7A - USK26020457

Sótt er um leyfi til að rífa efstu hæð, endurbyggja og hækka og breyta gluggum og innra skipulagi á öllum hæðum í húsi nr 7A við Bankastræti.

Erindinu fylgir yfirlit breytinga dags. 24 mars 1994.

Frestað. Vísað til athugasemda.

### 4. Barðavogur 30 - Gluggaskipti - USK25120346

Tilkynnt er um framkvæmd sem snýr að breytingu á gluggapóstum og nýjum björgunaropum úr svefnherbergjum í einbýlishúsi á lóð nr. 30 við Barðavog.

Erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 8. apríl 2026.

Synjað með vísan í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. apríl 2026.

## 5. Borgartún 39 - USK26020182

Sótt er um leyfi til breytinga á innra skipulagi og enduruppsetningu afgangslúga á húsi á lóð nr. 39 við Borgartún.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

## 6. Borgartún 8-16A - USK26030229

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og innrétta skrifstofur og móttökusvæði ásamt viðtalsrýmum og starfsmannaðstöðu fyrir þjónustu og upplýsingatækni í rýmum 0102, 0103 og 0107 í skrifstofuhúsi við Borgartún 12-14, mhl.01, á lóð nr. 8-16A á lóð við Borgartún.

Erindi fylgir greinargerð Öruggr um brunavarnir útg. V01 dags. 12. mars 2026 og yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 14. september 2021.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

## 7. Bríetartún 20 - USK25010215

Sótt er um leyfi til að koma fyrir 6-gáma djúpgámasetti sem þjóna á samtals 70 íbúðum í matshlutum 01-09, við lóðarmörk sunnan megin við Bríetartún 26, mhl.04 og Bríetartún 28, mhl.05 á lóð nr. 20-36 við Bríetartún.

Erindi fylgir móttökukvittun frá sýslumanni vegna þinglýsingar á lóðarblaði dags. 30. mars 2026, bréf Reykjavíkurborgar vegna lóðamarkabreytinga dags. 4. desember 2025 og greinargerð hönnuða dags. 6. mars 2025

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

## 8. Bæjarflöt 10 – breytingaerindi - USK25120344

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi, innrétta bílageymslu í rými 0101 og starfsmannarými í hliðarbyggingu, hækka innkeyrsludyr um 60 cm. ásamt því að færa tæknirými í kjallara inn á teikningar og uppfæra byggingarlýsingu í atvinnuhúsi á lóð nr. 10 við Bæjarflöt.

Erindi fylgir yfirlit breytinga, erindislýsing dags. 16. febrúar 2026 og brunavarnarlýsing frá Lotu dags. 30. september 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda.

### **9. Einarsnes 42 - USK25110396**

Sótt er um leyfi til að innrétta "aukaíbúð" í geymsluskúr, mhl. 03 á baklóð við íbúðarhús lóð nr. 42 við Einarsnes.

Erindi fylgir yfirlit breytinga, útskýring hönnuðar dags. 11. febrúar 2026 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. apríl 2026.

Frestað. Vísað til athugasemda.

### **10. Engjavegur 7 - USK26020094**

Sótt er um heimild til að koma fyrir einingahúsi, mhl.04, úr yleiningum, með salernis- og búningsaðstöðu við gervigrasvöll íþróttafélagsins Þróttar á lóð nr. 7 við Engjaveg.

Stærð: 44.4 ferm., 127. 6 rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

### **11. Eyjarslóð 9 - USK26010076**

Sótt er um leyfi til að skipta rými 0102 sem er verkstæði, í tvær eignir, koma fyrir iðnaðarhurð á suðurhlið og innrétta geymslur á 1. hæð í mhl. 01 á lóð nr. 9 við Eyjarslóð.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda.

### **12. Fiskislóð 39 - USK26030116**

Sótt er um leyfi til að innrétta verslun/veitingastað í fl. II í rými 0101 fyrir 200 gesti í húsi á lóð nr. 39 við Fiskislóð.

Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 11. mars 2025 og skoðunarskýrsla.

Frestað. Vísað til athugasemda.

### **13. Freyjubrunnur 7 - USK26030189**

Sótt er um leyfi til að innrétta íverurými í óuppfylltum sökklum, jafnframt því sem gerð er grein fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að gerðir hafa verið gluggar og hurðir á báðar hliðar og lóð tekin niður við suðvesturhlið parhúss nr. 7, mhl.01, á lóð nr. 7-9 við Freyjubrunn.

Frestað. Vísað til athugasemda.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

#### **14. Freyjubrunnur 9 - USK26030211**

15. Sótt er um leyfi til að innrétta íverurými í úppfylltum sökklum, jafnframt því sem gerð er grein fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að gerðir hafa verið gluggar og hurðir á báðar hliðar ásamt áðurgerðri svalalokun og lóð tekin niður við suðvesturhlið parhúss nr. 9, mhl.01, á lóð nr. 7-9 við Freyjubrunn.

Frestað. Vísað til athugasemda.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

#### **16. Garðastræti 42 - USK26010363**

Sótt er um leyfi til að byggja tveggja hæða viðbyggingu, bílskúr og baðhús í kjallara með verönd og heitum potti og stækkun á eldhúsi á 1. hæð ásamt því að gerð er grein fyrir steiptum veggjum á lóð einbýlishúss á lóð nr. 42 við Garðastræti.

Stækkun: 110 ferm.

Eftir stækkun: 376,6 ferm., 1.181,1 rúmm.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda

Málinu vísað til grenndarkynningar hjá skipulagsfulltrúa.

#### **17. Gjúkabryggja 8 - USK26020157**

Sótt er um leyfi til að byggja 3-4 hæða steinsteipt fjölbýlishús með 110 íbúðum á sameiginlegum bílakjallara með 57 stæðum á lóð nr. 8 við Gjúkabryggju.

Stærð mhl. 01: 14.515,3 ferm og 38.403,5 rúmm.

Erindi fylgir brunahönnunarskýrsla frá Örugg dags 11. febrúar 2026, hljóðvistargreinagerð frá Lotu dags. 3. febrúar 2026, jafnframt er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags 17. mars 2026.

Frestað. Vísað til athugasemda.

## 18. Grandagarður 2 - USK25090070

Sótt er um leyfi til þess að endurnýja og færa til fyrra horfs Alliancehúsið, byggingu A, mhl.01, rífa verslunarhús, mhl.02, og byggja þriggja hæða verslunar- og hótélbyggingu, byggingar B og C ásamt tengigangi og kjallara/bílageymslu með 61 bílastæði, mhl.02, og innrétta sem hótél í flokki IV tegund A með 117 herbergjum fyrir alls ? gesti, veitingastað í flokki II tegund ? fyrir ? gesti og skrifstofur á 1 hæð í byggingu A á lóð nr. 2 við Grandagarð.

Niðurrif: xx.x ferm., xx.x rúmm

Nýbygging: xx.x ferm., xx.x rúmm.

Nýtingahlutfall lóðar: x.xx

Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar dags.19. janúar 2026, hljóðvistarskýrsla Brekke Strand útg. 1 dags. 9. mars 2026, brunahönnunarskýrsla Örugg útg. V01 dags. 10. febrúar 2026 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. október 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

## 19. Grensásvegur 50 - USK26030162

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í rými 0201 í húsi á lóð nr. 50 við Grensásveg.

Frestað. Vísað til athugasemda.

## 20. Grundarstígur 23 - USK26030296

Sótt er um leyfi til að setja svalalokun á svalir íbúðar 0201 í fjölbýlishúsi á lóð nr. 23 við Grundarstíg

Frestað. Vísað til athugasemda.

## 21. Grænahlíð 14 - USK26030250

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og breyta eignarhaldi á þvottahúsi þannig að eign 0002 stækkar í kjallara fjölbýlishúss á lóð nr. 14 við Grænuhlíð.

Frestað. Vísað til athugasemda.

## **22. Hagamelur 55 - USK26020458**

Sótt er um leyfi til þess að koma fyrir þremur færanlegum kennslustofum auk tengibygginga, mhl.03, fyrir 50 leikskólabörn og einu starfsmannahúsi, mhl.02, með aðstöðu fyrir 28 starfsmenn við leikskólann Vesturborg á lóð nr. 55 við Hagamel.

Stærðir:

Starfsmannahús, mhl.02: 95.4 ferm., 371.5 rúmm.

Leikskólahús, mhl.03: 371.1 ferm., 1385.5 rúmm.

Erindi fylgir greinargerð hönnunarstjóra dags. febrúar 2026.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

## **23. Hestháls 10 - USK25100035**

Sótt er um leyfi til að byggja stálgrindarhús og innrétta sem sýningarsal og verkstæði bílaumboðs á lóð nr. 10 við Hestháls.

Stærð: 1.635,9 ferm,- 10.939.3 rúmm.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

## **24. Hjallavegur 34-36 - USK24010281**

Sótt er um leyfi til að byggja steinsteypta viðbyggingu á einni hæð, einangraða og klædda flísum við norðurhlið tvíbýlishúss á lóð nr. 34-36 við Hjallaveg.

Stækkun: 101,2 ferm., 381,5 rúmm.

Eftir stækkun, A+B rými: 417,1 ferm., 1.352,5 rúmm.

Erindi fylgir samþykki meðlóðarhafa áritað á uppdrátt.

Frestað. Vísað til athugasemda.

## **25. Hrafnhólar – breytingaerindi - USK26040068**

Sótt er um breytingu á erindi USK24070244 þannig að gististaður í flokki III verður gististaður í fl. II, teg. B á landi Hrafnhóla.

Erindi fylgir yfirlit breytinga, dags. 8. apríl 2026.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

## **26. Hraunteigur 19 - USK26020142**

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og eignarhaldi rýma í kjallara húss á lóð nr. 19 við Hraunteig.

Erindi fylgir samþykki meðeiganda dags. 16. desember 2025 og yfirlit breytinga.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing verði gerð þar sem verið er að gera breytingar á fjöleignarhúsi. Eignaskiptayfirlýsandi þarf að senda staðfestingu á að byrjað sé að gera eignaskiptayfirlýsingu á eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is fyrir útgáfu byggingarleyfis. Þinglýsa þarf eignaskiptayfirlýsingu fyrir lokaúttekt.

## **27. Hrístateigur 47 - Nýtt hurðargat - USK26040054**

Tilkynnt er um framkvæmd sem felst í að opna milli rýma 0101 og 0102 í mhl. 01 á lóð nr. 47 við Hrístateig.

Erindi fylgir samþykki annarra eiganda dags. 5. september 2025.

Synjað

Samræmist ekki lögum um skráningu fasteigna

## **28. Hyrjarhöfði 3 - USK26020159**

Sótt er um leyfi til að fækka og breyta staðsetningu bílastæða, fjölga eignum með því að breyta innra skipulagi og innréttu 6 sjálfstæð atvinnurými, breyta glugga- og hurðarsetningum, bæta við svölum og svalahurðum á báðar hliðar 2. hæðar, koma fyrir þremur iðnaðarhurðum á norðurhlið 1. hæðar, og klæða að utan með sléttri álklæðningu iðnaðarhús á lóð nr. 3 við Hyrjarhöfða.

Erindi fylgir greinargerð Öruggr verkfræðistofu um brunavarnir útg. V01 dags. 10. febrúar 2026 og yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Frestað. Vísað til athugasemda.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

### **29. Háaleitisbraut 60 - USK26010158**

Sótt er um að breyta innra skipulagi, enduruppbyggja eftir bruna og koma fyrir innkeyrsluhurð á bakhlíð efnalaugar í rými 0101 í verslunar- og skrifstofuhúsi á lóð nr. 60 við Háaleitisbraut.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

### **30. Hátún 10 - USK26030033**

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á þremur fjölbýlishúsum við Hátún 10, 10A og 10B í breytingunum fellst að stækka og sameina íbúðir

Erindinu fylgir brunahönnunarskýrsla frá Örugg dagsett 19.03.2026

Frestað. Vísað til athugasemda.

### **31. Hólmgarður 35 - USK25090416**

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi íbúðar 0201 í íbúðarhúsi á lóð nr. 35 við Hólmgarð vegna lokaúttektar

Erindi fylgir greinargerð hönnuðar dags. 27. mars 2026, teikning burðarþolshönnuðar dags. 5. mars 2026 og yfirlit breytinga á aðaluppdrætti samþykktum 31. mars 2020.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

Til þess að samþykktin öðlist gildi er skilyrt að ný eignaskiptayfirlýsing sé gerð, þar sem verið er að gera breytingar á fjöleignarhúsi.

### **32. Ingólfsstræti 19 - USK26030134**

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi, bæta aðgengi hreyfihamlaðra og uppfærar brunahönnun í kirkju Aðventista á lóð nr. 19 við Ingólfsstræti.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda.

### **33. Iðunnarbrunnur 13 - USK25060189**

Sótt er um leyfi til að byggja staðsteypt tveggja hæða þrúbýlishús á kjallara á lóð nr. 13 við Iðunnarbrunn.

Erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. september 2025.

Stærð: 400,3 ferm., 1.134,6 rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

### **34. Járnháls 4 - USK25060254**

Sótt er um leyfi til að byggja tveggja hæða atvinnuhús, steypa neðri hæð, efri hæð úr stálgrind og samlokueiningum, klætt ljósri áklæðningu á lóð nr. 4 við Járnháls.

Stærð: 2.329, 8 ferm., 11.579,7 rúmm.

Erindi fylgir greinargerð hönnuðar varðandi frávik frá skipulagi ódagsett, útreikningur á varmatapi dags. 16. júní 2025, greinargerð um brunahönnun frá Örugg dags. 26. júní 2025 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. september 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda.

### **35. Jöklasel 2 - USK26040045**

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og bæta við inngangshurð í húsi á lóð nr. 2 við Jöklasel.

Frestað. Vísað til athugasemda.

### **36. Kalkslétta 1 – breytingaerindi - USK26020114**

Sótt er um leyfi til að koma fyrir vegg sem skilur að spilliefni og aðra vinnslu í spilliefnaskemmu íslenska Gámafélagsins á lóð nr. 1 við Kalksléttu.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

### **37. Katrínartún 2 - USK26030089**

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN029205 sem snýr að vararafstöð í kjallara í húsi nr. 2 við Katrínartún.

Erindinu fylgir yfirlit breytinga dags. 31 október 2018.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

#### **38. Krókháls 4 - USK26030087**

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi í húsi á lóð nr. 4 við Krókháls.

Frestað. Vísað til athugasemda.

#### **39. Krókháls 5G - USK26030192**

Sótt er um leyfi til að skipta upp rými 0105 í tvö rými þar sem 0105 verður lager og nýtt rými 0108 verður skráð sem bifreiðaverkstæði í atvinnuhúsi á lóð nr. 5-5G við Krókháls.

Frestað. Vísað til athugasemda.

#### **40. Kænuvogur 57 - USK25120080**

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi, notkun og eignarhaldi á rými 0201 sem er vinnustofa í eigu íbúðar 0301 í íbúðar- og atvinnuhúsi nr. 57 við Kænuvog.

Erindi fylgir fundargerð aðalfundar húsfélagsins Súðarvogi 44-48 dags. 29. janúar 2026.

Frestað. Vísað til athugasemda.

#### **41. Laugarnesvegur 84 - USK24100049**

Sótt er um leyfi til að breyta íbúð 04 0401 með því að opna upp í þak og gera þar geymslu í húsi nr. 84 við Laugarnesveg.

Stærð: 16,7 ferm og 110,8 rúmm.

Erindi fylgja fundargerðir dags. 13. nóvember 2025 og 25. nóvember 2025.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing verði gerð þar sem verið er að gera breytingar á fjöleignarhúsi. Eignaskiptayfirlýsandi þarf að senda staðfestingu á að byrjað sé að gera eignaskiptayfirlýsingu á eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is fyrir útgáfu byggingarleyfis. Þinglýsa þarf eignaskiptayfirlýsingu fyrir lokaúttekt.

#### **42. Laugarnesvegur 85A - USK26020375**

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN056333 með því að byggja vinnustofu og setja glugga í stað bílskúrshurðar við hús á lóð nr. 85A við Laugarnesveg.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing verði gerð þar sem verið er að gera breytingar á fjöleignarhúsi. Eignaskiptayfirlýsandi þarf að senda staðfestingu á að byrjað sé að gera eignaskiptayfirlýsingu á eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is fyrir útgáfu byggingarleyfis. Þinglýsa þarf eignaskiptayfirlýsingu fyrir lokaúttekt.

#### **43. Laugavegur 157 - USK25060225**

Sótt er um leyfi til að byggja 6 íbúða 4 - hæða fjölbýlishús úr timbri á steiptum kjallara á lóð nr. 157 við Laugaveg.

Stærð: 728.4 ferm., 1.822.8 rúmm.

Nýtingarhlutfall 2.70.

Frestað. Vísað til athugasemda.

#### **44. Laugavegur 54B - USK25120172**

Sótt er um leyfi til að hækka ris, gera kvisti á báðar þekjur, svalir á norðurhlið, breyta innra skipulagi og koma fyrir stiga á milli hæða í einbýlishúsi á lóð nr. 54b við Laugaveg.

Stækkun: 95.7 ferm., 182.4 rúmm.

Erindi fylgir deiliskipulagsuppráttur fyrir reit 1.173.1 gildisdags. 28. nóvember 2025, umsögn Minjastofnunar dags. 7. maí 2025 og yfirlit breytinga á aðaluppdrætti samþykktum 23. maí 1946.

Frestað. Vísað til athugasemda.

#### **45. Laugavegur 73 - USK25080325**

Sótt er um leyfi til að byggja sex hæða nýbyggingu, tíu íbúðir með verslunarrými á götuhæð og bílakjallara með átta bílastæðum á lóð nr. 73 við Laugaveg.

Erindi fylgir greinargerð um hljóðvist frá Mannvit dags. 22. maí 2018, minnisblað um sambrunahættu milli húsa frá Mannvit dags. 23. maí 2018, samkomulag um aðkomu frá Hverfisgötu 92 dags. 12. janúar 2018, þinglýst kvöð um bílastæðakjallara og umferðarrétt dags. 12. janúar 2018 og viljayfirlýsingar um sölu bílastæða á lóðum Hverfisgötu 92, 94 og 96 dags. 25. maí 2018.

Stærð, A-rými: 1.528,4 ferm., 5.424,7 rúmm.

B-rými: 69,9 ferm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

#### **46. Miklabraut 101 - USK26030294**

Sótt er um leyfi til að innrétta veitingastað í fl. 1, teg. c í húsi á lóð nr. 101 við Miklubraut.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á eldri samþykktum teikningum.

Frestað. Vísað til athugasemda.

#### **47. Rauðarárstígur 10 – breytingaerindi - USK26030522**

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24080168, með síðari breytingu USK25030038 þannig að innra skipulagi eins rýmis er breytt lítillega, svalir á suðurhlíð 2. hæðar hafa verið fjarlægðar og hurðargati lokað á skrifstofuhúsi Myndlistaskólans í Reykjavík við Rauðarárstíg 10, mhl.03, á lóð nr. 118 við Laugaveg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 15. október 2024.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

#### **48. Ránargata 16 - USK26030276**

Sótt er um leyfi til að gera breytingar innanhúss vegna athugasemda við lokaúttekt í húsi á lóð nr. 16 við Ránargötu.

Frestað. Vísað til athugasemda.

#### **49. Skeifan 8 - USK26030230**

Sótt er um leyfi til að breyta millipöllum og innrétta skrifstofu og lager fyrir bókaútgáfu í rýmum 0001 og 0003 í húsi á lóð nr. 8 við Skeifuna.

Breyttar stærðir: xx ferm.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda.

#### **50. Skólavörðustígur 9 – breytingaerindi - USK26030117**

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24060067 með því að stækka kjallara nýbyggingar og breyta innra skipulagi í Hegningarhúsinu á lóð nr. 9 við Skólavörðustíg.

Stækkun: xx ferm., xx rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

#### **51. Sogavegur 206 - USK25110164**

Sótt er um leyfi til þess að endurnýja þak, bæta við tveimur kvistum á suðurþekju, stækka núverandi kvist, bæta við nýjum kvisti á norðurþekju og breyta innra skipulagi rishæðar einbýlishúss á lóð nr. 206 við Sogaveg.

Stækkun; xx.x ferm., xx.x rúmm.

Erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. febrúar 2026 og yfirlit breytinga á aðaluppdrætti samþykktum 29. apríl 1954.

Frestað. Vísað til athugasemda.

## 52. Stangarhylur 3 – breytingaerindi - USK26020113

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24020162 vegna lokaúttektar þannig að gerðar eru minni háttar breytingar á innra skipulagi, flóttaleið af 1. hæð er breytt og brunavarnir eru uppfærðar í húsi á lóð nr. 3 við Stangarhyl.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

Skilyrt er að eignaskiptayfirlýsing verði gerð þar sem fyrirliggur þinglýst eignaskiptayfirlýsing um hlutfall fasteigna í lóð. Eignaskiptayfirlýsandi þarf að senda staðfestingu á að byrjað sé að gera eignaskiptayfirlýsingu á eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is fyrir útgáfu byggingarleyfis. Þinglýsa þarf eignaskiptayfirlýsingu fyrir lokaúttekt eða þinglýsa yfirlýsingu um sameiningu fasteigna og fella eignaskiptayfirlýsinguna úr gildi fyrir útgáfu byggingarleyfis.

## 53. Stefnisvogur 1 – breytingaerindi - USK26030118

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24070158 sem snúa að fjölgun íbúða í húsum 3 og 4, bætt við auka bílakjallara undir bæði þessi hús og ýmsar breytingar innna og utanhúss, auk þess er eru sett glerhandrið á svalaganga í húsum 1-4 í húsum á lóð nr. 1 við Stefnisvog.

Erindinu fylgir greinagerð um hljóðvist dags. 28. janúar 2026.

Frestað. Vísað til athugasemda.

## 54. Stjörnugróf 9 - USK26020186

Sótt er um leyfi til að reisa gróðurhús ásamt pökkunaraðstöðu og starfsmannarýmum, mhl.0?, á lóð nr. 9 við Stjörnugróf.

Stærð: 521.8 ferm., 2.444.4 rúmm

Erindi fylgir greinargerð hönnuðar dags. 12. mars 2026.

Frestað. Vísað til athugasemda.

## 55. Stálhöfði 2 - USK26030345

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24050360, með síðari breytingu USK24110324 þannig að neðri bílakjallari er stækkaður og stæðum fjölgað um 17 eða samtals 103 auk þess sem skráningartafla er uppfærð fyrir fjölbýlishús á lóð nr. 2 við Stálhöfða.

Stækkun: 403.8 ferm., 1.190.0 rúmm.

Stærð: 19.816.8 ferm., 57.038.5 rúmm.

Erindi fylgir greinargerð Öruggr verkfræðistofu um brunavarnir útg. V06 dags. 17. mars 2026, óstimplað eintak af deiliskipulagsuppdrætti dags. 9. janúar 2026, umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. febrúar 2025 og yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 18. febrúar 2025.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

## 56. Stóragerði 32 - USK26030191

Sótt er um leyfi til að klæða austur- og vesturgafi sléttri áklæðningu á undirkerfi úr áli fjölbýlishús á lóð nr. 28-32 við Stóragerði.

Erindi fylgir fundargerð ódagsett og ástandslýsing dags. í október 2025.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

## 57. Stýrimannastígur 2 - USK26030088

Sótt er um breytingar á innra skipulagi húss, nýju fyrirkomulagi glugga í kjallara, tilfærslu útihurðar bakatil, uppsetningu hjólageymslu og stofnunar bílastæðis við einbýlishús á lóð nr. 2 við Stýrimannastíg.

Frestað. Vísað til athugasemda.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

## 58. Suðurlandsbraut 40 - USK26030032

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi s.s. léttum veggjum og skápum í íbúðum 05-0102, 05-0203, 05-0305, 05-0805, 06-0802 og til að breyta skráningu á rýmum í kjallara fjölbýlishúss á lóð nr. 40 við Suðurlandsbraut.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda.

### **59. Valshlíð 1 – breytingaerindi - USK26020461**

Sótt er um breytingu á erindi BN061145 með síðari breytingu USK22122966 vegna lokaúttektar þannig að útliti og innra skipulagi er breytt í fjölbýlishúsi við Valshlíð 1 á lóð nr. 2 við Haukahlíð.

Frestað. Vísað til athugasemda.

### **60. Vatnagarðar 22 - USK25120267**

Sótt er um leyfi til að bæta flóttaleið af milligólfi með því að koma fyrir flóttapöllum og stigum á austur- og vesturhlið og til að breyta innra skipulagi og innrétta blikk- og járnsmiðju ásamt starfsmannaaðstöðu á 1. hæð og skrifstofur á 2. hæð í húsi á lóð nr. 22 við Vatnagarða.

Erindi fylgir yfirlit breytinga og brunahönnun frá Örugg dags. 6. mars 2026.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnarefirlitsins.

### **61. Vesturberg 15 - USK26030135**

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum í kjallara einbýlishúss á lóð nr. 15 við Vesturberg.

Frestað. Vísað til athugasemda.

### **62. Vesturbrún 18 - USK26030062**

Sótt er um leyfi til að breyta bílastæðum á lóð, fjarlægja stæði sem er norðan megin og setja tvö stæði sunnan megin á lóð nr. 18 við Vesturbrún.

Lögð er fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. febrúar 2026.

Erindi fylgir yfirlit breytinga og mæliblað.

Frestað. Vísað til athugasemda.

### **63. Vesturgata 62 - USK25070036**

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN061373 þannig að þaksvolum og þakformi er breytt og 4.og 5.hæð stækkuð í fjölbýlishúsi V4, mhl.04., á lóð nr. 62 við Vesturgötu.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 24. janúar 2023.

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing verði gerð þar sem verið er að gera breytingar á fjöleignarhúsi. Eignaskiptayfirlýsandi þarf að senda staðfestingu á að byrjað sé að gera eignaskiptayfirlýsingu á eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is fyrir útgáfu byggingarleyfis. Þinglýsa þarf eignaskiptayfirlýsingu fyrir lokaúttekt.

#### **64. Víðimelur 32 - USK26030231**

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í kjallara og stækka kjallaraíbúð í príbýlishúsi á lóð nr. 32 við Víðimel.

Frestað. Vísað til athugasemda.

#### **65. Ystibær 13 - USK25110030**

Sótt er um áðurgerðar viðbyggingu, sameina matshluta og fjölga bílastæðum um tvö 1136 við austurhlíð einbýlishúss á lóð nr 13 við Ystabæ.

Sækkun: 34.1 ferm., 97.9 rúmm.

Erindi fylgir skýrsla um húsaskoðun dags. 27. janúar 2026 og yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 17. júlí 1998.

Frestað. Vísað til athugasemda.

#### **66. Þverholt 18 - BN059059**

Á afgreiðslufundi byggingarfulltrúa nr. 1136 21. nóvember 2023 var samþykkt umsókn um leyfi til að innrétta 26 nýjar íbúðir með aðkomu frá Þverholti, með geymslum og vinnustofum á jarðhæð skrifstofu- og atvinnuhúsnæðis (mhl.01) á lóðinni Þverholt 18, landeignanúmer 103175. Stækkun 704.5 ferm, 955.8 rúmm, stærð hjólaskýlis 11.1 ferm, 28,9 rúmm. Byggingarleyfi var útgefið 26. mars 2025.

Í ljós hefur komið að þegar byggingarleyfi var veitt var liðið meira en ár frá framkvæmd grenndarkynningu, en hún fór fram í ágúst 2023.

Ákvörðun byggingarfulltrúa dags. 26. mars 2025, um að veita byggingarleyfi er því haldin ógildingarannmarka og áformar byggingarfulltrúi því að fella hana úr gildi, og bæta úr annmarkanum með því að láta nýja grenndarkynningu fara fram. Byggingarfulltrúi áformar einnig að stöðva framkvæmdir í kjölfar niðurfellingar byggingarleyfis.

**Fundi slitið kl. 14:50**

**Brynjar Þór Jónasson  
Edda Þórsdóttir  
Sigrún Reynisdóttir  
Silvá Kjærnested  
Dagný Geirdal  
Böðvar Páll Jónsson  
Guðbjörg Sigríður Snorradóttir**